





Hér sést þverskurður af álmuuni, sem nú er reist af Breiðagerðisskólanum. Sést að birtan kemur frá tveim hliðum inn í skólastofuna sem gefur jafna og góða birtu og er hentugt vegna loftræsingar.



Breiðagerðisskólinn. Álman, sem nú þegar er byggð og sýnd er á uppdrætti. Til hægri sést á miðálmuna, sem er í byggingu.

Hér sést grunnmynd af kennsluálmu með 5 stofum, í Breiðagerðisskólanum. Eins og uppdrátturina sýnir er hver stofa eining út af fyrir sig. Er gengið beint af leikvellingum inn í sérgang, sem fylgir hverri kennslustofu. Hér er um nýmæli að ræða hérlandis, sem hefur reynzt vel þann tíma, sem skólinn hefur starfað, og er því fyrirhugað að hafa sama fyrirkomulag í Vogaskóla. Auk þess er hægt að ganga eftir endilöngu húsinu. Í hverri stofu er krókur, þar sem tiltekinn hópur nemenda getur unnið að sérverkefnum. — Til vinstri á uppdrættinum eru hreinlætisherbergi. Til hægri við þessa álmu, sem liggur frá austri til vesturs kemur miðálman, sem liggur frá norðri til suðurs, en til hægri við hana kemur nokkru lengri álma af sömu gerð og sú álma, sem byggð er.


Nýi skólinn við Breiðagerði í byggingu

Í FYRRA var hafin bygging barnaskóla við Breiðagerði. Á sl. sumri var önnur kennsluálman, með 5 stofum byggð. Nú er í byggingu miðálma skólahússins en þar verða 6 kennslustofur, dyra- varðaribúð og húsnæði fyrir stjórn skólans. Ætlunin er að ljúka þessari álmu í sumar. Síðan er eftir að byggja þriðju álmu

una en þar verða 10 kennslustofur og sundlaug. Ennfremur er eftir að byggja fimleikasal. Skólinn fullbyggður mun verða nær 12000 rúmmetrar að stærð og rúma um 1000 börn.

Fyrirhugað er að skólinn, sem byggja á í Vogunum verði að nokkru byggður eftir sömu

teikningu og Breiðagerðisskóli, þannig að sá hluti Vogaskólans, sem er fyrir nemendur á barnaskólastigi verði byggður eins og sú álma Breiðagerðisskólans, sem þegar er búið að reisa. Í sumar verða væntanlega byggðar 3 stofur af þeirri gerð í Vogaskóla. Í Vogaskólanum er áætlað að verði 28 almennar kennslustofur.



Séð inn í hluta af kennslustofu í Breiðagerðisskóla.

— HVÖT 20 ÁRA

Frh. af bls. 8
kosningar í Reykjavík í aðsigi, þær sem fóru fram 1938. Þar vann flokkurinn glæsilegan kosningasigur, fékk 9 menn kjörna í bæjarstjórn Reykjavíkur sem hann hefir haldið æ síð. Ekki skal um það fullt hver þáttur starf Hvatarvenna var í þessum kosningasigr flokksins, en víst má telja að ekki hefir það starf gert sigurinn minni en hann reyndist.

Þegar frá upphafi félagsins voru haldnir félagsfundir mánaðarlega, um ýmis stjórnsmálafni og hefir sú venja haldist æ síðan. Hafa fundir félagsins jafnan verið þrýðilega sóttir og félagsstarfið með afbrigðum lifandi og ótult og konur mjög áhugasamar. Í byrjun var markmið og stefna félagsins mörkuð, sem fyrr segir, og hljóðaði stefnu skráin svo:

MARKMIÐ félagsins er að vinna að eflingu Sjálfstæðisflokksins á grundvelli einstaklingsframfærslu til hagsbóta öllum landsmönnum. Einkum vill félagið taka þetta fram:

1. að unnið sé að samúð og auknum skilningi á heilbrigðismálum og öðru er viðkemur heilsuvernd þjóðarinnar, með því t. d. að heilbrigðislöggjöfin verði endurbætt og heilbrigðis-

ráð verði stofnað, er hafi eftirlit með heilbrigðismálum í landinu.

2. að uppeldismálin verði tekin til ræðlegrar rannsóknar og að leitast verði við að þroska einstaklings- eðli og sjálfstæða hugsun barna og unglunga og glæða ættjarðarást þeirra á öllum sviðum.
3. að unnið verði að því að stofnuð verði sjálfstæðisfélög kvenna um allt land.
4. að unnið sé að auknum skilningi og samúð milli verkafólks og atvinnurekenda.

Eins og af þessu sést hafa sum baráttumál Hvatar þegar verið farsælega framkvæmd. En höfuð verkefnið er ávallt hið sama og tekur aldrei enda: að vinna Sjálfstæðisflokknum aukið fylgi.

Stofnun Hvatar er að því leyti sögulegur viðburður í íslenskri félagsmálasögu að það er fyrsta stjórnsmálafélag kvenna. En önnur fylgdu brátt í kjölfarið og sjálfstæðisfélög kvenna voru stofnuð að tilhlutan Hvatar-kvenna sem tókust ferðir á hendur út um land í þeim tilgangi. Sama árið, 1937, er stofnað Sjálfstæðisflokksfélag í Hafnarfirði en síðan á Ísafirði, Bolungarvík, Siglufirði, Vestmannaeyjum, Akureyri, Keflavík og nú síðast í Kópavogi.

Á öllum þessum stöðum hafa

þau verið lyftistöng fyrir starf flokksins og unnið að sigrum hans.

Þá ber einnig að geta þess að fyrir frumkvæði Hvatar var stofnað landssamband þessara Sjálfstæðiskvennafélaga hér í Reykjavík vorið 1956 og var frú Kristín L. Sigurðardóttir kjörin formaður þess, en hún sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í nær 7 ár.

Félagsstarfið hefir frá upphafi verið fjölbreytt, fundir og skemmtanir á vetrum en skemmti og kynnisfarir um landið á sumrum sem hafa jafnan verið mjög vinsælar og fjölmennar.

Formaður Hvatar varð frú Guðrún Jónasson og gegndi hún því starfi með afburða dugnaði og áhuga samfleytt í 18 ár. Þá tók við formennskunni María Maack, og er hún nú formaður. Afmælisins minnst Hvatarkonur með fagnaði í Sjálfstæðishúsinu nú á mánudaginn 11. marz.

ÞEGAR ég ræddi við Maríu Maack um félagsstarfið og framtíð Hvatar, spurði ég hana að því að lokum, hvað hún teldi framtíðarverkefni þessa þróttmikla félags Sjálfstæðiskvenna hér í höfuðborginni.

Mér sýndist á henni að spurn-

ingin hefði verið óþörf, það lægi í augum uppi hvert markmið félagsins væri. Við munum halda áfram að berjast fyrir hugsjónum og stefnu Sjálfstæðisflokksins, frelsi og farsæld einstak-

ggs.

Enn sigrar Fordinn

SEX enskir Ford-bílar komu fyrstir að marki í 650 mílna erfiðri keppni, sem fram fór hjá Lagos-klúbbnum í Nígíeríu í des. s. l. Það var Zephyr Mark I sem var í fyrsta sæti og Prefect í öðru, en meðal bifreiðanna sem tóku þátt í keppninni voru Morris, Vauxhall, MG, Standard, Opel, Fiat, Renault, Simca og Volkswagen.

Þess er skemmst að minnast, d'Honneur“ fyrir glæsilegt útlit að það var einnig Ford Zephyr, sem sigraði í hinni frægu Alpakeppni, sem fram fór síðast í haust sem leið.

Á Gullströndinni fer árlega fram erfið keppni, sem tekur um tvo daga og er ekið næstum viðstöðulaust. Fyrir skemmstu lauk þessari keppni með því að Ford Consul Mark I sigraði. — Í brezku National Rally varð Ford Anglia fyrst að marki og er það þriðja árið í röð, sem hún sigrar í þeirri keppni.

Á hinni 9. alþjóðlegu bifreiðasýningu, sem fram fór í Rómborg fyrir áramót, hlaut Ford Zodiac Mark II „Grand Prix

og er það talinn mikill sigur, því Ítalía hefur ætíð verið viðurkennd sem heimaland bifreiðateknara. Þess má geta að ítalskur maður hefur á undanförunum árum gert allar teikningar af bifreiðum Ford-verksmiðjanna.

Sendiherra í Íran

HINN 6. marz s. l. afhenti Magnús V. Magnússon Íranskeisara trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Íran með búsetu í Stokkhólmi.

(Frá utanríkisráðuneytinu).